

# ERINDISBRÉF

## fyrir skipulags- og umhverfisráð Húnaþings vestra

### 1. gr.

#### *Stjórnskipuleg staða.*

Skipulags- og umhverfisráð heyrir undir sveitarstjórn Húnaþings vestra.

Byggingafulltrúi starfar með ráðinu.

### 2. gr.

#### *Skipan ráðsins.*

Í skipulags- og umhverfisráði eiga sæti fimm fulltrúar sem sveitarstjórn kýs til fjögurra ára að afloknum sveitarstjórnarkosningum samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 með síðari breytingum og samþykktar um stjórn Húnaþings vestra. Á sama hátt eru kjörnir fimm fulltrúar til vara.

Auk kjörinna fulltrúa sveitarstjórnar eiga byggingarfulltrúi, skipulagsfulltrúi og sveitarstjóri eða staðgengill hans, rétt á að sitja fundi ráðsins með málfrelsi og tillögurétt. Sama rétt hefur slökkviliðsstjóri þegar fjallað er um málefni sem varða brunamál og brunavarnir. Ráðinu er auk þess heimilt að kalla til sín sérhvern þann sem tengist málum sem fjallað er um.

Skipulags- og umhverfisráð kýs formann og varaformann ráðsins á fyrsta fundi sínum nema sveitarstjórn ákveði annað. Byggingarfulltrúi eða staðgengill hans ritar fundargerðir ráðsins.

### 3. gr.

#### *Hlutverk.*

Skipulags- og umhverfisráð fer með lögbundin verkefni sem tengjast málaflokkum sem undir það falla. Um er að ræða verkefni skipulagsnefndar skv. 6. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, með síðari breytingum, skipulagsreglugerðar nr. 90/2013, brunavarnir samkvæmt lögum um brunavarnir nr. 75/2000 með síðari breytingum, verkefni náttúruverndarnefndar skv. 14. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 með síðari breytingum og verkefni umferðarnefndar skv. 116. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, með síðar breytingum.

Hlutverk ráðsins er eftirfarandi:

- Að fara með skipulagsmál, þ.m.t. umhverfismat skipulagsáætlana, undir yfirstjórn sveitarstjórnar.
- Að vera sveitarstjórn til ráðgjafar í mannvirkjamálum.
- Að hafa umsjón og eftirlit með gerð umhverfisáætlana fyrir sveitarfélagið (Staðardagskrá 21)
- Að gera tillögur til sveitarstjórnar um gerð gatna og fráveitna, umhverfismál, fegrun umhverfis og hreinlætismál.
- Að sjá um samskipti við heilbrigðisfulltrúa og heilbrigðisnefnd Norðurlands vestra.

- Að gera tillögur til sveitarstjórnar um markmið og úrbætur í málaflokkum sem undir ráðið heyra.
- Að hafa eftirlit með stjórnarsýslu byggingarmála fyrir hönd sveitarstjórnar.
- Að fjalla um drög að fjárhagsáætlun viðkomandi málaflokks.
- Að vera sveitarstjórn að öðru leyti til ráðgjafar varðandi málaflokka sem heyra undir verksvið ráðsins.

#### **4. gr.**

##### *Starfshættir.*

Í störfum sínum skal skipulags- og umhverfisráð taka mið af þeim lögum og reglugerðum sem undir starfsvið þess heyra. Þá skal ráðið fylgja samþykkt um stjórn Húnaþings vestra eftir því sem við á eins og hún er hverju sinni.

Skipulags- og umhverfisráð kemur saman fyrir luktum dýrum á fastákveðnum fundartíma að jafnaði einu sinni í mánuði. Skal ráðið gera samþykkt um þennan fundartíma á fyrsta fundi sínum að höfðu samráði við byggingarfulltrúa.

Byggingarfulltrúi sér um að boða ráðið til fundar í samráði við formann ráðsins og sjá þeir sameiginlega um undirbúning funda ráðsins. Fundarboðun skal að jafnaði vera rafræn og tilgreina fundarstað, dagskrá og tíma. Fundarboð skal sent fulltrúum í ráðinu og öðrum sem seturétt hafa á fundum eigi síðar en tveimur sólahringum fyrir fund.

Formaður skipulags- og umhverfisráðs stýrir fundum ráðsins í samræmi við ákvæði samþykktar um stjórn Húnaþings vestra.

Fundur telst ályktunarhæfur ef meirihluti ráðsins er mættur á fund. Í atkvæðagreiðslum ræður afl atkvæða. Mál telst fallið í atkvæðagreiðslu ef atkvæði falla að jöfnu með og á móti.

Fundargerð skal skrá í gerðabók og í tölvu. Í gerðabók skal skrá hvar og hvenær fundur er haldinn, hverjir sitja hann og hvenær honum lýkur. Í fundargerð í tölvu skal skrá einstök mál, sem tekin eru fyrir á fundinum, hvenær þau komu til, nöfn hlutaðeigandi, meginefni og afgreiðslu ráðsins. Í lok fundar skal ritari lesa fundargerðina upp og allir viðstaddir undirrita hana.

Fundargerðum kemur byggingarfulltrúi strax að fundi loknum til sveitarstjóra og sér hann um að hún verði lögð fram með dagskrá næsta sveitarstjórnarfundar. Byggingarfulltrúi kynnir fundarmönnum afgreiðslu sveitarstjórnar á fundargerðum skipulags- og umhverfisráðs.

#### **5. gr.**

##### *Eftirfylgni.*

Formaður skipulags- og umhverfisráðs og aðrir fulltrúar í ráðinu skulu snúa sér til sveitarstjóra með eftirfylgni staðfestra samþykktaráðsins.

#### **6. gr.**

##### *Réttindi og skyldur.*

Um réttindi og skyldur fulltrúa í ráðinu gilda ákvæði sveitarstjórnarlaga, annarra laga sem ráðið starfar eftir og samþykktar um stjórn Húnaþings vestra.

Fulltrúa í ráðinu er skylt að sækja fund nema lögmat forföll hamli. Skal hann boða varamann sinn og láta formann ráðsins eða sveitarstjóra vita um forföll með góðum fyrirvara.

Hver fulltrúi í ráðinu á rétt á að koma máli á dagskrá fundar, enda skili hann upplýsingum um efni þess til sveitarstjóra a.m.k. þremur sólahringum fyrir fund.

Fulltrúar í ráðinu skulu hafa hag sveitarfélagsins að leiðarljósi við störf sín en eru ekki bundnir af öðru en sannfæringu sinni, lögum og samþykktum um stjórn Húnaþings vestra í atkvæðagreiðslu um málefni í skipulags- og umhverfissráði.

Fulltrúar í ráðinu eru bundnir þagnarskyldu vegna mála sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu fyrir ráðið og eiga að fara leynt samkvæmt lögum, eðli máls eða samþykktum 2/3 hluta fulltrúa í ráðinu, hvort sem þau varða einka- eða almannahagsmuni.

Gæta skal sérstaklega að því að unnið sé í samræmi við lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018.

Fulltrúar í ráðinu skulu kynna sér vandlega lagareglur um hæfi til afgreiðslu einstakra mála. Fulltrúa í ráðinu sem veit hæfi sitt orka tvímælis ber að vekja athygli á því og ef við á víkja af fundi við umræðu og afgreiðslu máls.

Samþykkt af sveitarstjórn Húnaþings vestra 11. júní 2019